

Aðalfundur foreldrafélags haldinn í matsal skólans 23.10.2019

Áður en blásið var til aðalfundar hélt Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur fyrirlestur um netfíkn. Fyrirlesturinn var fræðandi og gaman hversu margir sáu sér fært að mæta.

Birna formaður setti fund og skipaði Atla Má fundarstjóra en auk þess ritaði hann fundargerð.

Fyrir aðalfundinum lá eftirfarandi dagskrá:

- 1 skýrsla formanns
- 2 Reikningar
- 3 Kosningar
- 4 Önnur mál

1 Birna fór yfir starfsemina á liðnu ári sem var með hefðbundnu sniði síðasta starfsár. Styrktir voru leikhúsmiðar á barnasýningu hjá leikfélagi Sauðárkróks. Engin aðventuhátíð/jólafundur var þetta árið en skoðað verður með dag á næstu aðventu. Hins vegar var kaffi í boði foreldrafélagsins eftir danssýningu og fyrir Bingó og mæltist það vel fyrir. Öskudagsnefnd sá um hátíð á öskudegi og síðan var grillað á lokadegi félagsmála.

2 Ragnhildur las upp reikninga félagsins.

Örlítill hagnaður var á síðasta starfsári og inneign á reikningi 23.10 er 440.987 kr. Samþykkt að hafa félagsgjöld óbreytt eða kr 3000 pr heimili.

3 Þá var komið að kosningum

Eftirtaldir foreldrar voru valdir í bekkjaráð

- 1 bekk. Lilja og Einar Garðhúsum
- 2 bekk. Harpa og Bjössi Ytra-Vallholti
- 3 bekk. Margrét og Guðmundur Lækjargerði
- 4 bekk. Berglind og Guðmundur Kringlumýri
- 5 bekk. Friðrik og Rikke Reykjum 2
- 6 bekk. Jón og Sigríður Álfgeirsvöllum
- 7 bekk. Hrefna og Jóhann Silfrastöðum
- 8 bekk. Lotta og Hannes Bjarnastöðum
- 9 bekk. Máni og Eydís Sölvanesi
- 10 bekk. Rósa og Bergur Narfastöðum

Laufey Haraldsdóttir var endurkjörin í skólaráð til tveggja ára og Helga Sjöfn endurkjörin til vara til eins árs.

Atli Már var endurkjörinn í stjórn foreldrafélagsins til þriggja ára og Gunna Stína og Sigurður Óla endurkjörin til vara til eins árs.

4 Þá var komið að liðnum önnur mál

Rætt var um hvað mætti gera fyrir aura foreldrafélagsin og hvaða verkefni væru aðkallandi í og í umhverfi skólans

-Leiktæki milli skóla og sundlaugar

-halda fyrirlestra

- setja betra undirlag í kringum leiktæki við körfuboltavöll
- tengja hitalögn í körfuboltavöll
- vantar mögulega einhvern búnað í frístund

Einnig var rætt um lagfæringar sem gerðar voru á þaki skólans eftir að þar fannst mygla og að einhver vinna væri að fara af stað við nauðsynlegt viðhald á skólahúsnæðinu.

Fleira rætt en ekki fært til bókar

Atli Már Traustason
Ritari foreldrafélags.